

Sp.

497. Nefndarálit

[41. mál]

um till. til þál. um baráttu gegn eiturlyfjanautn.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og fengið um hana umsagnir Læknafélags Reykjavíkur, Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands og greinargerðir um mál það, er þingsályktunartillagan fjallar um, frá lögreglustjóranum í Reykjavík, saksóknara ríkisins og yfirsakadómara.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Í greinargerð yfirsakadómara kemur m. a. fram, að rannsóknarlögreglan hafi á s. l. ári haft allmikil afskipti af mönnum, sem virðast hafa neytt róandi eða örvandi lyfja í óhófi, og að ekki sé annað að sjá en málum þessum hafi fjölgað talsvert frá fyrra ári og einnig frá næstu árum á undan. Fram kemur enn fremur, að alls 34 tegundir lyfja hafa verið teknar af mönnum, sem rannsóknarlögreglan hefur haft afskipti af vegna eiturlyfjanotkunar.

Saksóknari greinir m. a. frá því í bréfi, dags. 29/10 1962, að 12 mál varðandi misnotkun lyfja hafi komið til meðferðar embættis hans, síðan það tók til starfa 1. júlí 1961, auk nokkurra mála, þar sem lyf koma við sögu.

Í einu máli, er saksóknari rekur, kemur fram, að vitni bera, að deyfí- eða örvunarlyf berist til landsins með togurum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík upplýsir m. a., að lögreglan þurfi að jafnaði oftari en einu sinni í viku að hafa afskipti af mönnum, sem eru undir áhrifum deyfí- og örvunarlyfja, og hafi slík tilefni til afskipta greinilega farið í vöxt síðastliðin ár.

Lyfjafræðingafélag Íslands greinir frá því í umsögn sinni, að á vegum heilbrigðisstjórnarinnar fari nú fram ýtarleg rannsókn á því, hvernig sölu og dreifingu löglega innfluttra ástriðu- og örvunarlyfja er háttað, og álitur, að ekki sé þörf frekari rannsókna á þeirri hlið málsins, en telur á hinn bóginn æskilegt, að ýtarlega verði rannsakað, hver hrögð eru að því, að lyf þessi berist til landsins eftir ólöglegum leiðum, og á hvern hátt bezt megi sporna við því, en um þá hlið málsins fjallar þingsályktunartillagan m. a.

Læknafélag Reykjavíkur mælir eindregið með því, að tillagan verði samþykkt, og Apótekarafélag Íslands telur nefndarskipun þá, sem tillagan gerir ráð fyrir, tímabæra og æskilega.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, er ótvírætt, að eiturlyfjaneyzla hefur undanfarin ár farið vaxandi hér á landi. Undirritaðir nefndarmenn telja, að þjóðfélagsleg nauðsyn sé á því, að allt verði gert, sem unnt er, til þess að sporna við þessari þróun, og mikilsvert, að hið fyrsta verði snúizt gegn öllum þáttum þessa alvarlega vandamáls á þann hátt, sem lagt er til með þingsályktunartillögunni.

Umsagnir Læknafélags Reykjavíkur, Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Alþingi, 27. marz 1963.

Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.
frsm.

Fylgiskjal I.

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 10. des. 1962.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Þökkum bréf hæstvirkar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 27. nóv. 1962, ásamt „tillögu til þingsályktunar um baráttu gegn eiturlyfjanautn“ (mál 41).

Af því, sem birzt hefur opinberlega um neyzlu deyfílyfja og örvandi lyfja, er augljóst, að hér er um vaxandi vandamál að ræða, sem getur breytt í þjóðfélagsból, sé eigi tekið í taumana í tæka tíð. Má í þessu sambandi einkum minna á skýrslu landlæknis, lögreglustjórans í Reykjavík og yfirsakadómara um þessi mál, ásamt ummælum yfirlæknis slysavarðstofunnar (sbr. dagbl. Vísi 18. okt. 1962).

Við lítum þannig á, að þar sem málið er í senn aðkallandi og mikilvægt, þá hljóti ályktun þessi að vera heilbrigðisyfirvöldunum aðstoð og hvatning, sem flýti rannsókn málsins og tryggi heppilegar aðgerðir til varnar ofnotkun ávanalyfja hér í landi.

Af þessum ástæðum mælum við eindregið með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Læknafélags Reykjavíkur,

Arinbjörn Kolbeinsson, Snorri P. Snorrason,
form. ritari.

Fylgiskjal II.

LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 3. des. 1962.

Lyfjafræðingafélag Íslands hefur móttengið bréf háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis. Þar er óskað eftir umsögn félagsins um þingsályktunartillögu flutta af Alfreð Gíslasyni. Í tillögunni er gert ráð fyrir, „að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að rannsaka, hve mikil brögð eru í landinu að ofneyzlu eiturlyfja.“

Félagið vill taka fram, að á vegum heilbrigðisstjórnarinnar fer nú fram ýtarleg rannsókn á því, hvernig sölu og dreifingu löglega innfluttra ástriðu- og ávana-lyfja er háttað, og álitur, að ekki sé þörf frekari rannsókna á þeirri hlið málsins.

Á hinn bóginn telur félagið æskilegt, að ýtarlega verði rannsakað, hver brögð eru að því, að lyf þessi berist til landsins eftir ólöglegum leiðum, og á hvern hátt bezt megi sporna við því.

F. h. Lyfjafræðingafélags Íslands,

Ólafur Ólafsson,
form.

Steingr. Kristjánsson,
gjaldk.

Ásgeir Ásgeirsson,
ritari.

Fylgiskjal III.

APÓTEKARAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 4. desember 1962.

Vegna bréfs allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 27. f. m., varðandi þingsályktunartillögu um baráttu gegn eiturlyfjanautn, vill stjórn Apótekarafélags Íslands lýsa því yfir, að hún telur nefndarskipun þá, sem um ræðir í tillögunni, tíma- bæra og æskilega.

Birgir Einarsson.

Sverrir Magnússon.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.